

Breytingartillögur

við frv. til l. um skylduskil til safna.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
Hljóðrit merkir í lögum þessum hvers kyns miðil sem eingöngu hýsir upptökur á tali og tónum.
2. Við 9. gr. Við bætist ný málsgrein, 1. mgr., svohljóðandi:
Samsettar útgáfur merkja í lögum þessum útgáfur þar sem efni er gefið út á miðlum af ólíkri gerð en dreift í einu lagi.
3. Við 11. gr. Við bætist þrjár nýjar málsgreinar, 1., 2. og 3. mgr., svohljóðandi:
Kvikmynd merkir í lögum þessum hvers kyns hreyfimyndaefni án tillits til þess með hvers konar tækni eða aðferðum það er framleitt.
Íslensk kvikmynd í skilningi laga þessara er kvikmynd sem unnin er og kostuð af íslenskum aðilum eða er samstarfsverkefni íslenskra og erlendra aðila.
Íslenskur framleiðandi í skilningi laga þessara er einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem á lögheimili eða er skrásett á Íslandi.
4. Eftirfarandi breytingar verði á 19. gr.:
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama gildir um ýmislegt smáprent, svo sem eyðublöð sem eru ætluð til útfyllingar, umbúðir, bréfsefni, nafnspjöld, umslög og dagatöl sem ekki er ritstýrt og eru án texta.
 - b. 2. mgr. falli brott.